

Föstudaginn 15. febrúar 1991.

Nr. 102/1989. **Pétur Jóhannes Óskarsson**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Erlu Þórðardóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hjón. Búskipti. Frávísun. Ómerking. Dómari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Aðilar máls þessa gengu í hjónaband á árinu 1975. Hinn 7. apríl 1986 komu þau fyrir þáverandi fulltrúa sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og óskuðu skilnaðar að borði og sæng. Samkomulag um forræði barna og framfærslueyri tókst ekki með aðilum, og var þeim ágreiningi vísað til dómsmálaráðuneytisins til úrskurðar. Hins vegar töldu þau sig ásátt um skiptingu eigna, og færði valdsmaður samkomulag þeirra til bókar, eins og tilfært er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt því var manningnum ætlað að greiða konunni „kr. 616.102 með skuldabréfi tryggðu með veði í Neskin 8 og verði greiðslutíminn ákveðinn með samkomulagi síðar“.

Óumdeilt er, að greiðslu þessari hafi að meginstofni verið ætlað að mæta því, að maðurinn átti að halda íbúðarhúsi hjónanna að Neskin 8 í Stykkishólmi. Kveðast aðilar hafa miðað við, að virði fasteignarinnar væri um 1.800.000 krónur, en áhvílandi skuldir 567.896 krónur. Hafi maðurinn átt að svara konunni helmingnum af nettóvirði eignarinnar, 616.052 krónum, að viðbættum hálfum mismun á verðmæti bifreiðarinnar P-554 og hesthúss þess, er konan

fékk í sinn hlut. Hafi veðskuldabréf mannsins átt að vera fyrir 656.052 krónum, sem er kröfufjárhæðin í máli þessu, en ekki 616.102, eins og misritast hafi í bókuninni.

Ekki varð samkomulag um greiðslukjör á veðskuldabréfinu, og var það ekki gefið út strax. Í októbermánuði 1986 leitaði konan aðstoðar lögmanns, og krafði hann manninn um tafarlausa greiðslu allrar fjárhæðar veðskuldabréfsins með vöxtum og kostnaði. Með bréfi frá lögmanni, er hann leitaði þá til, mótmælti maðurinn þessari kröfu, en lýsti vilja til viðræðna um skipti og skuldaskil. Aðilum var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. desember 1986. Var þar kveðið á um forsjá barna og lífeyri til konunnar, en stöðu fjárskipta milli hjónanna ekki getið.

Stefnda höfðaði síðan mál þetta með stefnu í janúar 1987. Gerði hún kröfu um skil á allri greiðslunni frá áfrýjanda og taldi forsendur brostnar fyrir útgáfu veðskuldabréfs. Áfrýjandi brást við málsókn þessari með því að gefa út veðskuldabréf fyrir hinni umkröfðu fjárhæð og senda stefndu, eins og lýst er í héraðsdómi, en stefnda synjaði því viðtöku. Áfrýjandi lagði þá veðskuldabréfið inn í Búnaðarbanka Íslands til innheimtu í þágu stefndu, og hefur hann innt af því greiðslur síðan.

Málið var flutt, án þess að aðilar kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar eða annarrar gagnafærslu um eðlileg kjör á þeirri greiðslu, er um var deilt. Dómari málsins var sami fulltrúi og farið hafði með skilnaðarmál aðila sem valdsmaður.

Í fyrrgreindri bókun um fjárskipti milli málsaðila var ekki kveðið á um kjör á veðskuldabréfi því, er áfrýjandi átti að gefa út til stefndu, og þessu vísað til síðara samkomulags. Hér var um að ræða svo mikilvægan þátt í uppgjöri aðila, að skiptum á búi þeirra gat ekki talist lokið, meðan úr honum var ekki greitt. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar átti skiptaráðandi að hafa tekið eigur búsins til skiptameðferðar, áður en leyfi væri veitt til skilnaðar að borði og sæng, nema samkomulag um skiptin væri á komið. Valdsmanni þeim, er fór með skilnaðarmálið, bar að leiðbeina aðilum um þessi atriði og sjá til þess, að þeirra væri gætt, áður en málið væri sent dómsmálaráðuneytinu til afgreiðslu eða jafnhliða þeirri ráðstöfun. Þegar stefnda taldi forsendur

brostnar fyrir útgáfu veðskuldabréfs, krafði lögmaður hennar áfrýjanda um alla hina tilteknu greiðslu með vísan til bókunarinnar í stað þess að bera málið upp við skiptarétt samkvæmt 55. gr. laga nr. 60/1972 með frekari gagnafærslu, svo sem rétt var eftir mála-vöxtum. Verður að telja mál þetta ranglega höfðað fyrir aukadómþinginu, eins og aðdraganda þess var háttað. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Taka ber fram, að með tilliti til þessarar meðferðar skilnaðarmálsins gat valdsmaðurinn ekki síðar farið með ágreining út af fjárskiptunum sem dómari.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinum áfrýjaða dómi er hrundið og málinu vísað sjálfkrafa frá aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 16. febrúar 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 16. febrúar, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kveðinn upp svofelldur dómur í málinu nr. 17/1987.

Stefnandi er Erla Þórðardóttir, nnr. 2179-4988, Neskin 4, Stykkishólmi.

Stefndi er Pétur Jóhannes Óskarsson, nnr. 7106-9702, Neskin 8, Stykkishólmi.

Stefna í málinu er gefin út 20. janúar 1987 og málið þingfest 13. febrúar 1987. Aðalflutningur fór fram 18. janúar 1988, en málið var síðan endurupptekið 2. febrúar 1989 til munnlegs málflutnings að nýju og síðan tekið til dóms. Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld, að fjárhæð kr. 656.052, með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 7. apríl 1986 til 7. apríl 1987, 2,5% frá þ.d. til 1. júní 1987, 2,8% drv. frá þ.d. til 1. júlí 1987, 3% frá þ.d. til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þ.d. til 1. september s.á., 3,6% frá þ.d. til 1. október s.á., 3,8% frá þ.d. til 1. desember s.á., 4,1% frá þ.d. til 1. janúar 1988, en 51,6% ársv. frá þ.d. til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Jafnframt er gerð sú krafa, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 7. apríl 1987, og myndi þannig nýjan höfuðstól, er beri sömu

vexti og að framan greinir. Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá lögmannna.

Málsástæður stefnanda eru þær, að við eignaskipti milli hans og stefnda hinn 7. apríl 1986 vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng hafi orðið samkomulag um, að stefndi greiddi stefnanda kr. 656.052 með skuldabréfi, tryggðu með veði í Neskin 8, Stykkishólmi, og yrði greiðslutími ákveðinn síðar með samkomulagi aðila. Stefndi hafi þó hvorki viljað gefa út slíkt skuldabréf né semja um greiðslutíma þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir. Séu því brostnar allar forsendur fyrir útgáfu slíks skuldabréfs.

Málsástæður stefnda eru þær, að hann hafi gert margar tilraunir til þess að fá stefnanda til þess að ræða um greiðslutíma, en tilraunir hans í því efni hafi engan árangur borið. Stefndi hafi því gefið út skuldabréf með svipuðum kjörum, ekki lakari en gengur og gerist í fasteignaviðskiptum, tryggt með veði í Neskin 8, Stykkishólmi. Útgáfudagur bréfsins er 5. febrúar 1987 og fjárhæð þess kr. 656.052, sem skal greidd með fimm jöfnum árlegum greiðslum, fyrst 7. apríl 1987, með meðaltalsvöxtum almennra skuldabréfa, eins og Seðlabankinn auglýsir þá, og skulu vextir reiknast frá 7. apríl 1986. Eftir að bréfinu hafði verið þinglýst, var það sent stefnanda, en hann endursendi það. Bréfið var síðan lagt inn í Búnaðarbankann í Stykkishólmi til innheimtu. Hafi aldrei staðið á stefnda að gefa út umrætt bréf, en hann hafi verið að leita eftir samkomulagi við stefnanda um greiðslukjör. Hér sé því um tilefnislausu málshöfðun að ræða.

Reifun og niðurstaða.

Við skilnað málsaðila að borði og sæng var samið um eignaskipti milli þeirra og bókað í hjónaskilnaðarbók þannig: „Maðurinn fær í sinn hlut fasteignina Neskin 8, Stykkishólmi, og tekur jafnframt að sér að greiða áhvílandi veðskuldir. Hann fær einnig í sinn hlut bifreiðina P-554, sem er af Plymouth-gerð, model 1980, og tvo hesta. Konan fær í sinn hlut hesthús og tvo hesta. Maðurinn greiði konunni kr. 616.102 með skuldabréfi, tryggðu með veði í Neskin 8, og verði greiðslutími ákveðinn með samkomulagi síðar. Innbúi er skipt með samkomulagi.“ Fjárhæð skuldar reyndist rangt út reiknuð, en var leiðrétt síðar með samkomulagi.

Eins og að framan er getið, tókst ekki samkomulag milli málsaðila um útgáfu skuldabréfsins. Í eignaskiptasamningi er ekki getið um skilmála bréfsins. Stefndi hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína og upphæð skuldarinnar. Hins vegar hefur stefnandi ekki getað fallist á einhliða ákvörðun stefnda um greiðsluskilmála, eins og þeir eru settir fram í skuldabréfi því, sem stefndi gaf út 5. febrúar 1987. Ekkert liggur fyrir um það í málinu,

að bréfið sé „með svipuðum kjörum, ekki lakari en gengur og gerist í fasteignaviðskiptum“, eins og stefndi vill halda fram, enda er ekkert tekið fram í samningi aðilanna um það, hvernig skilmálar bréfsins skuli vera.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi skuli greiða stefnanda hina umstefndu skuld, kr. 656.052, ásamt vöxtum eins og krafist er, og kr. 85.000 upp í málskostnað, þ.m.t. sérstakur söluskattur.

Hinn 27. apríl 1987 móttók stefnandi frá stefnda kr. 238.351, sem stefnandi tók við sem innborgun á stefnukröfurnar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Jóhannes Óskarsson, greiði stefnanda, Erlu Þórðardóttur, kr. 656.052 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 7. apríl 1986 til 7. apríl 1987, 2,5% frá þ.d. til 1. júní 1987, 2,8% drv. frá þ.d. til 1. júlí 1987, 3% frá þ. d. til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þ.d. til 1. september s.á., 3,6% frá þ.d. til 1. október s.á., 3,8% frá þ.d. til 1. desember s.á., 4,1% frá þ.d. til 1. janúar 1988, en 51,6% ársv. frá þ.d. til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 7. apríl 1987.

Þá greiði stefndi stefnanda upp í málskostnað kr. 85.000, þ.m.t. sérstakur söluskattur, allt að frádregnum kr. 238.351, sem stefndi greiddi 27. apríl 1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu har að viðlagðri aðför að lögum.